

Amtsráðið í Vesturamtinu

65

21. júní

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda og lögum 24. nóv. 1893 um breyting á lögum þessum er hjer með staðfest og löggilt eftirfarandi

Reglugjörð

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu um eyðing refa, fjallskil, rjettahöld o. fl.

I. Um grenjaleitir og eyðing refa og hræfugla.

1. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal skipa fyrir um grenjaleitir, bæði í heimalöndum og afrjettum hreppsins, og sjá um, að reglulegar grenjaleitir fari fram ár hvert, á tímabilinu frá miðjum maí til júlímánadarloka, svo opt og á þann hátt, sem henni þykir nauðsynlegast og hyggilegast.

2. gr.

Hver hreppsbúi, sem á að minsta kosti 6 fullorðnar kindur, svo og utan-hreppsmenn þeir, er nota upprekstrarland í hreppnum fyrir sauðfje, eru skyldir að leggja til grenjaleita svo mikinn mannafla, sem hreppsnefndin ákveður. Við niðurjöfnun á tillögum til grenjaleita skal hreppsnefndin fara eptir fjártölu hlutaðeiganda, sem og landrými.

3. gr.

Hreppsnefndin skal fyrir 1. maí ár hvert hafa ráðið svo marga skotmenn sem þurfa þykir til grenjavinslu í hreppnum. Um leið og hún fyrirskipar grenjaleitirnar, birtir hún og hreppsbúum, hverjir ráðnir sjeu skotmenn, og á hverju svæði í hreppnum.

4. gr.

Í hvert sinn sem gren finnst, skal tafarlaust tilkynna það skotmanni þeim, sem hreppsnefndin hefir ráðið, og er skotmaður skyldur að koma á grenið svo fljótt sem við verður komið. Eptir að gren finnst, skal þess gætt vandlega, að dýrin fái ekki færi á, að flytja í burtu yrðlinga sína, og varast, að láta hunda koma á grenið, sem og allt annað, sem fælt getur dýrin í burtu. Það er og bannað að rjúfa gren, eða spilla því á annan hátt.

5. gr.

Hverjum þeim, er fyrstur finnur eða getur vísað á gren, þar sem melrakkar hafast við með yrðlingum sínum, greiðist að fundarlaunum 2 kr. úr sveitarsjóði. Hæfilega þóknun greiði og hreppsnefnd fyrir kostnað við að senda eptir skotmanni og fyrir að gæta grensins, þangað til skotmaður kemur á það.

6. gr.

Eptir að skotmaður er kominn á gren, annast hann að öllu leyti á sinn

kostnað um gæzlu grensins, og má hann ekki yfirgefa það, án gildra orsaka, **65**
innan þriggja sólarhringa, nema hann hafi unnið að minnsta kosti bæði full- **21. júní**
orðnu dýrin.

7. gr.

Skotmaður kostar sig að öllu, bæði að fæði og flutningi, og fær engin sjerstök daglaun við grenvinnsluna, en fyrir fyrra dýrið, sem hann vinnur, fær hann 5 kr. að verðlaunum, en 15 kr fyrir hið síðara, og fyrir hvern yrðling, sem drepinn er á greni, eða utan grens, greiðist 1 kr. Ef yrðlingar nást eigi út úr greninu, skal skotmaður eitra rækilega fyrir þá. Hreppsnefnd leggur til eitrið. Verðlaun fyrir grenvinnslu greiðist úr sveitarsjóði, enda skal skotmaður, ef hreppsnefnd krefst þess, færa henni gildar sannanir fyrir því að hve miklu leyti hann hefir unnið hvert gren. Fyrir að vinna bitvarg, á hverjum tíma árs sem er, má hreppsnefnd veita 15 kr. verðlaun úr sveitarsjóði, og fyrir að vinna hrafna og erni, er liggja á fje manna, má hún og veita 5—10 kr. verðlaun eptir atvikum.

8. gr.

Enginn má ala upp yrðlinga nema skotmenn, sem hreppsnefnd hefir ráðið, þó ekki lengur en til júlímánaðar loka. Ef yrðlingur er alinn lengur og honum slept úr gæzlu, varðar það 50 kr. sekt.

9. gr.

Þeim, sem sjertaklega skara fram úr öðrum í því að eyðileggja refi og hræfugla, sem liggja á fje manna, á hverjum tíma árs sem vera skal, má veita heiðurslaun úr hreppssjóði.

10. gr.

Þegar hreppsnefnd lætur bera niður eitrad agn fyrir refi á vetrum, skal sá starfi falinn hinum hæfustu mönnum. Eitruninni ætti helzt að haga eftir samkomulagi við aðrar hreppsnefndir, þar sem refir hafa samgöngur milli hreppa. Í þeim hreppum, þar sem eitrad er fyrir refi að vetrinum, er eigi leyfilegt að egna fyrir þá með öðrum niðurburði óeitruðum, þó eru skotmenn undanteknir frá þessu seinasta ákvæði, ef hreppsnefndin samþykkir það.

11. gr.

Allur kostnaður við eitranir fyrir refi greiðist úr sveitarsjóði.

II. Um sauðfjármörk.

12. gr.

Sjerhver fjáreigandi skal skyldur að hafa glöggt mark á fje sinu, en aðfengið fje skal því aðeins markað upp, að ekkert aukaben verði eptir, heldur semja við fyrri eiganda um, að fá að hafa hans mark á kindinni, en aðeins brennimerkja á horni eða klauf með sínu eigin brennimarki, og skal hver, sem á kind með slíku marki, skyldur að senda hreppsnefndunum í næstu hreppum

65 lýsingarseðla á þeim svo snemma, að þeir verði komnir hlutaðeigandi hrepps-
21. júní nefnd í hendur í fyrstu rjettum, og skal slíkt endurtaka ár hvert.

13. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta að minsta kosti 10 hvert ár, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna og brennimörkum í hreppnum og setja þau saman eptir stafrofsröð í greinilega skrá. Skal í því skyni sjerhverjum fjáreiganda skylt að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd greinilega frá eyrna- og brennimarki sínu; því næst skal sjerhver hreppsnefnd senda sýslunefndinni markaskrá hreppsins og lætur hún þá semja aðalskrá yfir öll mörk í sýslunni.

14. gr.

Sjerhver markeigandi greiði hlutaðeigandi hreppsnefnd, um leið og hann birtir henni mark sitt til skrásetningar, 30 auro fyrir hvert eyrnamark og jafn mikið fyrir hvert brennimark; rennur það fje í sýslusjóð, er svo kosti að fullu prentun markaskrárinnar.

15. gr.

Hver, sem tekur upp nýtt mark, eða flytur inn í sýslufjelagið og á því eigi mark í hinni gildandi markaskrá sýslunnar, skal að vorinu tilkynna það brjeflega öllum hreppstjórum sýslufjelagsins, en þeir annast um, að markið verði innfært á eyðublöð í þeim markaskrá, er hreppstjóri og hreppsnefnd hafa undir höndum, svo og í markaskrá á rjettarstöðum.

16. gr.

Enginn má marka kind í lögrjettum.

III. Um geldfjárrekstur á fjalllönd.

17. gr.

Allir fjáreigendur skulu skyldir að reka á fjall að vorinu allt geldfje sitt á eigið land, ef til er; annars þar sem upprekstrarland er aflögu.

18. gr.

Hreppsnefnd kveður á um hverjar jarðir í hreppnum hafi hæfilegt upprekstrarland aflögu og hve mörgu fje það nægi.

19. gr.

Hreppsúar ganga fyrir utansveitarmönnum um afnot upprekstrarlands í hreppi sínum.

20. gr.

Fráfærulömb skulu setin eigi skemur en þrjá sólarhringa annaðhvort í heimahögum eða í upprekstrarlandi. — Enginn má kefa lömb.

21. gr.

65
21. júní

Í upprekstrartoll greiðist 8 aurar fyrir hverja veturgamla kind eða eldri og 5 aurar fyrir hvert lamb, alls þess fjár, er á fjall ber að reka, og skal tollurinn greiddur hlutaðeigandi ábúanda eða landeiganda innan loka októbermánaðar.

22. gr.

Fjallafje það, sem á sumrum slangrar í búfjárhaga, skal svo opt, sem því verður við komið, skilja úr heimaþje og reka aptur á fjall.

IV. Um fjárgöngur á haustum.

23. gr.

Þrennar skulu vera fjallleitir á hausti í Barðastrandarhreppi og Suður-fjarðahreppi, en tvennar í Rauðasandshreppi, Tálknafjarðarhreppi og Dalahreppi. Heimilt skal þó hreppsnefndunum í hinum síðartöldu hreppum, að fyrirskipa þar einnig þrennar leitir, ef þörf sýnist. Fyrsti leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, og skal samdægurs rjettað í öllum þeim lögrjettum, þar sem því verður við komið. Í skilarjettum þeim, sem nú eru skipaðar, skal rjettað sem hjer segir:

Í Brjánslækjarrjett miðvikudaginn næstan eptir göngur,
Í Norður-Botnsrjett þriðjudaginn,
Í Skógarrjett mánudaginn samdægurs,
Í Austmannsdalsrjett þriðjudaginn og
Í Trostansfjarðarrjett þriðjudaginn.

Annar leitardagur skal vera mánudagur næsti eptir fyrsta leitardag, og skal því rjettað samdægurs í öllum rjettum nema Brjánslækjarrjett, þar skal rjettað á þriðjudaginn.

Þriðji og síðasti leitardagur skal vera miðvikudagurinn í 25. viku sumars og skal þá rjettað samdægurs, ef því verður við komið.

24. gr.

Hver hreppsúi, sem á að minnsta kosti 6 kindur fullorðnar aðrar en kvíaær, og hver utanhreppsmaður, sem notar upprekstrarland í hreppnum fyrir sauðfje, skal skyldur að gjöra fjallskil og sækja fje í rjettir utan hrepps, sem innan, eptir því sem hreppsnefndin í hvert skipti nákvæmar skipar fyrir í fjallskilaseðlinum. Umráðamenn upprekstrarlanda tilkynni hreppsnefndinni tölu upprekstrarfjár og eigendur þess, svo að hún geti jafnað niður fjallskilum í hverri rjettarsókn tiltölulega á utanhreppsmenn sem hreppsúa.

25. gr.

Enginn er undanþeginn almennri fjallskilaskyldu, þótt hann hafi sleppt geldfje sínu og fráfarulömbum í heimalönd og ekki rekið á afrjett.

65

21. júní

Ef einhver hefir ekki sjálfur nægan mannafla til fjallskila eptir fjárfjölda, skal hann gjöra hreppsnefndinni aðvart um það með 4 daga fyrirvara, svo að hún geti útvegað mannafla á hans kostnað til að inna fjallskilin af hendi.

26. gr.

Nú alheimtir einhver fjáreigandi allt fje sitt í fyrstu leit, og skal hann þrátt fyrir það gjöra fjallskil alla hina ákveðnu fjallskiladaga, eptir því sem hreppsnefnd hefir fyrirskipað.

27. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal í fjallskilaseðlinum kveðja svo marga menn, sem henni þykir nauðsynlegt, til að vera leitarforingja; skulu þeir stýra göngum leitarmanna bæði í heimalöndum og á afrjettum á leitarsvæði því, sem þeim er falið, og skipa þeir svo fyrir, að allt fje annað en kvíær á því svæði komi einu sinni til rjettar. Þeir tilkynna hreppsnefndinni ef einhver vanrækir að gjöra fyrirskipuð fjallskil eða óhlýðnast fyrirskipunum þeirra og annast um, að allt fari vel og skipulega fram, er að fjallgöngum lýtur, sjerilagi hvað meðferð á fjallafje snertir. Sömuleiðis skal hreppsnefndin skipa einn eða tvo rjettarstjóra við hverja lögrjett, eptir því sem hún álitur með þurfa. Enginn er skyldur að vera rjettarstjóri nema eitt ár í senn.

28. gr.

V. Um rjettahöld og meðferð á úrtýningsfje.

29. gr.

Ein eða fleiri lögrjettir skulu vera í hreppi hverjum, og eru þær nú á þessum stöðum:

- Í Barðastrandarhreppi á Suðurhamri, Brjánslæk og Haukabergi,
- Í Rauðasandshreppi í Vestur-Botni, Skógi og Breiðuvík,
- Í Tálknafjarðarhreppi í Norðurbotni og Kvígyndisfelli,
- Í Dalahreppi í Selárdal og Austmannsdal og
- Í Suðurfjarðarhreppi í Dufansdal, Trostansfirði og Langa-Botni.

Skilarjettir eru nú eins og segir í 23. gr.

Eptir tillögum meiri hluta fjáreigenda í hreppnum og með samþykki hlutaðeigandi rjettarbænda og sýslunefndar má hreppsnefnd gjöra breyting á rjettarstöðum og rjettarsóknum.

30. gr.

Valdi bygging lögrétta grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður krafist, koma fyrir fullt endurgjald af sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps eptir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður nefnir til.

31. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að veita hlutaðeigandi rjettarbændum 5—10 kr. þóknun af sveitarsjóði vegna árlegs átroðnings við réttarhöld á ábylisjörð þeirra

32. gr.

65
21. júní

Hreppsnefndin skal sjá um að lögréttir hreppsins sjeu í gildu og fjárheldu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir, að engu þurfi út að hleypa fyrir en fjárdrætti er lokið. Bæði innan og utanhreppsmenn skulu í þeim lögrjettum, þar sem þeir eiga von á töluverðum fjenaði, skyldir að hlaða upp hæfilega stóra dilka eptir nákvæmri ákvörðun hlutaðeigandi hreppsnefndar og getur hún jafnað niður kostnaði við byggingu eða aðgjörð lögrjettar eptir fjáreign þeirra, er þangað eiga rjett að sækja.

33. gr.

Rjettarstjórar, sem hreppsnefndin hefir skipað á fjallleitarsæðlinum, skulu ávallt vera staddir við rjettarhöld til þess að hafa umsjón með, að allt fari vel og skipulega fram og skulu þeir hlífðarlaust kæra fyrir hreppsnefndinni hvern þann, sem óhlýðnast fyrirskipunum þeirra. Sérilagi skulu þeir annast um, að áreiðanlegir menn gæti þess vandlega, áður en út er hleypt úr hverjum dilki, að þar sje engin misdregin kind, og síðan skulu þeir sjá um, að hreppsfje sje rekið bæ frá bæ og afhent eiganda; skulu allir hreppsbúar skyldir til að reka endurgjalds-laust fje manna rjetta bodleið um hreppinn frá lögrjett að heimkynni, úr öllum göngum einu sinni. Sá, sem veldur því, að rekstur er tafinn að óþörfu, eða að heimt fje týnist úr rekstri eða mæti illri meðferð, sæti sektum nema þyngri hegning liggi við.

34. gr.

Rjettarstjórar skulu annast um, að allir ómerkingar sjeu dregnir í einn dilk jafnóðum og þeir finnast, og skal leitast við, áður en rjettarhaldinu er lokið, að láta lambsmæður helga sjer dilka sína. Ómerkingar, markkalið og mýjетиð fje, sem enginn getur helgað sjer, sje selt við uppboð á rjettinni. Andvirði þess rennur í sveitarsjóð.

35. gr.

Úrtýningur úr fyrstu og annari rjett skal vandlega geymdur til miðvikudags í 23. viku sumars hjá þeim búanda, sem hreppsnefndin ákveður, gegn 4 aura borgun fyrir hverja sauðkind um sólarhringinn. Eigendum fjárins er skylt, að greiða geymslulaunin við afhendingu þess. Sannist það, að fjárgeymslumaðurinn hafi haft ótilhlýðilega meðferð á fjenu hefir hann fyrirgjört tilkalli til geymslulaunanna, og bakað sjer sektir, samkvæmt 45. gr. í reglugjörð þessari.

36. gr.

Miðvikudaginn í 23. viku sumars skal hreppsnefndin, eða umboðsmaður hennar, semja nákvæma lýsingu á eyrnamarki og öðrum einkennum þeirra kinda, sem eigendur hafa þá eigi leitt sig að, og svo fljótt, sem unnt er, birta lýsingar-sæðla þessa í nærliggjandi hreppum og kaupúnum, en úrtýningsfjed skal aptur afhent fjárgeymslumanni þeim, er hreppsnefndin hefir kosið. Það úrtýningsfje, sem

65 enginn hefir helgað sjer innan 14 daga, skal selt við opinbert uppboð af hrepp-
21. júní stjóra sveitarinnar miðvikudaginn í 25. viku sumars.

37. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi að afstöðnum öðrum göngum, og þekkjja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda geymdar í vörzlum hreppsnefndarinnar, sem annast um, að eigendum verði við fyrsta tækifæri gjört viðvart um það; hafi eigendur eigi leitt sig að kindum þessum fyrir 1. nóv., skal selja þær við opinbert uppboð, sem áður sje auglýst almenningi í hreppnum með nægum fyrirvara.

38. gr.

Kindur þær, sem koma fyrir að afstöðnum síðustu göngum og enginn þekkir eigendur að, skulu seldar við opinbert uppboð, sem sje birt á löglegan hátt í hreppnum og nágrannasveitum með hæfilegum fyrirvara.

39. gr.

Lýsing á óskilafje því, er við uppboð er selt, skal við lok hvers árs sendast þeim manni, er sýslunefndin ákveður, og skal hann sjá um, að lýsingar þessar sjeu auglýstar í blaði því í Reykjavík, er opinberar auglýsingar flytur. Hver, sem getur helgað sjer eitthvað af hinu selda fje innan 3 mánaða, eptir að auglýsingin er birt á prenti, hefir rjett til að fá andvirði þess að frádregnum öllum sanngjörnum og lögboðnum kostnaði, er fyrir því var hafður. Andvirði hins selda óskilafjár greiðist í hlutaðeigandi hreppssjóð, ef enginn eigandi leiðir sig að því.

VI. *Ýmisleg ákvæði.*

40. gr.

Ef meiri hluti hreppsbúa í einhverjum hreppi álitur nauðsynlegt að senda á hausti í næstu sýslur til að leita eptir fje manna, skal hreppsnefnd sjá um framkvæmd á því. Kostnaðurinn við sendiförina greiðist af sveitarsjóði að svo miklu leyti sem $\frac{1}{4}$ af andvirði hins fundna fjár, eptir mati tveggja óvilhallra manna, hrökkur eigi fyrir kostnaðinum.

41. gr.

Verði einhver þess var að fje sje í sveltu í hömrum eða komið í aðrar ófærur, skal honum skylt á hverjum tíma árs sem er, að sjá um að því sje bjargað, ef unnt er, svo framarlega sem hann getur eigi þegar gjört eiganda aðvart. Björgunarlaun greiðir eigandi eptir mati hreppsnefndar. Finnist eigi eigandi fjárins, má fara með það sem óskilafje og greiðast björgunarlaun af andvirði þess.

42. gr.

Enginn má láta óskeytta hrúta ganga úti á tímabilinu frá 1. nóvember

til 30. apríl. Ef vanrækslu veldur, að skaði verður að, sje eigandi hrútsins skyldur að svara fullum skaðabótum ef krafist er.

65
21. júní

VII. Um ótamin hross.

43. gr.

Skyldur er sjerhver að koma öllum ótömdum hrossum sínum á fjall, ef það er til í hreppnum, svo snemma á vori hverju, sem árferði og önnur atvik leyfa eptir álitu hreppsnefndar. Er engum heimilt að hafa ótamin hross í heima- högum frá því þau áttu að rekast á afrjett og allt fram til rjetta á hausti, nema hreppsnefnd og nágrennar leyfi. Eigandi ábyrgist að stóðhross gjöri eigi usla eða ágang á annara land. Nú ganga stóðhross í landi annara, og má þá land- eigandi taka þau í gæzlu, en gjöra skal hann eigendum jafnskjótt aðvart um að útleysa þau móti gæzlukaupi, 10 aurum fyrir hvert hross um sólarhring, og gjaldi eigandi að auki skaðabætur fyrir landsspjöll og annan kostnað eptir mati tveggja óvilhallra manna. Vitji eigandi eigi hross síns innan viku, eptir að hon- um hefir verið gjört aðvart, má fara með það sem óskilafjenað og selja það við opinbert uppboð til lúkningar áföllnum kostnaði.

44. gr.

Nema öðru vísi um semji, skal greiða 3 kr. í upprekstrartoll fyrir hvert hross, er gengur í afrjetti frá vori til rjetta á hausti, og skal hrosseigandi hafa greitt landeiganda toll þenna innan loka októbermánaðar sama ár.

VIII. Almenn ákvæði.

45. gr.

Öll brot móti reglugjörð þessari skulu kærð fyrir hlutaðeigandi sýslu- manni og varða þau 1—200 kr. sektum, eptir stærð og eðli brotanna, nema því að eins að þyngri hegning liggi við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í sjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Verði ágreiningur um í hvaða hreppi brotið sje framið, skal sektin falla til þess eða þeirra hreppa þar sem hinir seku eiga heimili, að tiltölu rjettri.

Með mál út af brotunum skal fara sem almenn lögreglumál.

46. gr.

Öll eldri og yngri fyrirmæli, þessu efni viðkomandi, sem ekki eru sam- kvæm reglugjörð þessari, eru hjer með úr gildi numin.

Reglugjörðin öðlast gildi 1. sept. þ. á.

Amtsráð Vesturamtsins, Stykkishólmi 21. júní 1906.

Lárus H. Bjarnason.